

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík 28. mars 2017  
UST201703-141/B.S.  
10.05.01

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla - efnistaka í Stapafelli. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða efnistöku á hluta af Reykjanessprungusveimnum sem er framhald Reykjaneshryggjar á landi. Þarna hefur á undanförunum áratugum farið fram efnistaka á stóru svæði sem nær yfir Súlur og Stapafell og Rauðamel.

Sú efnistaka sem nú er til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum tekur til efnistökusvæðis ÍSTAKS sem er á svæðinu norðan Stapafells og suður eftir fellinu að mörkum efnistökusvæðis ÍAV sem nær yfir hluta Stapafells og Súlur. Á svæði ÍSTAKS er ráðgert að taka alls um 2.000.000 m<sup>3</sup> af bögglabergi og mól úr námunni til ársins 2030.

Fram kemur í frummatsskýrslu að í námu fyrirtækisins ÍAV við Stapafell er unnt að taka allt að 7.000.000 m<sup>3</sup> en sú efnistaka er ekki til umfjöllunar hér.

### **Náttúruminjaskrá**

Mörk svæðis nr. 106 á náttúruminjaskrá liggja um Stapafell, en vandséð er hvert verndargildi Stapafells er eftir áratuga efnistöku.

### **Vatnsvernd**

Efnistökusvæði ÍSTAKS er á fjarsvæði vatnstökusvæðis í Lágum en mjög nálægt mörkum grann- og fjarsvæðis.

Við efnistöku miðast verklag við að draga úr líkum á að olía berist í jarðveg frá vinnuvélum og til er viðbragsáætlun um hvernig staðið verði að aðgerðum til að hindra mengun vegna olíuleka.

### **Fræðslugildi**

Fram kemur í frummatsskýrslu að snið í gegnum jarðlög í námunni hafi lengi þótt hafa mikið fræðslugildi fyrir jarðfræðinga. Því eru hugmyndir um að varðveita áhugaverð snið sem standa munu eftir að efnistöku lýkur.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að varðveita svæði í námunni sem kunna að hafa fræðslugildi, en gera ætti grein fyrir hvernig ráðgert er að verja slík snið fyrir veðrun.

### Jarðmyndanir og landslag


Umhverfisstofnun telur bagalegt að ekki fari fram mat á umhverfisáhrifum efnistöku á öllu því svæði sem skilgreint er sem efnistökusvæði, en í megin reglum laga um náttúruvernd skal einmitt meta áhrif á náttúru svæðis út frá heildarálagi sem á svæðinu er eða kann að vera. Þannig hefði verið hægt að kanna hvort einhverjir hlutar svæðisins hafi ekki verið þannig leiknir að þeir teljist enn hafa verndargildi. Slík gæti átt við Súlur að hluta eða öllu leyti, sem ekki er til umfjöllunar hér.


Stapafell eins og það lítur út í dag eftir áratuga efnistöku hefur að mati Umhverfisstofnunar ekki mikið verndargildi sem jarðmyndun og bætir að líkindum lítið landslag á þessu svæði.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að áhrif efnistöku í Stapafelli séu þegar að mestu fram komin. Jarðmyndunin er það skert eftir efnistöku að fjallið hefur lítið verndargildi sem slíkt. Umhverfisstofnun telur langmikilvægast varðandi framtíð annarra gosminja í næsta nágrenni að sá tími sem gefst meðan efnistaka í Stapafelli stendur yfir verði nýttur til að finna efnistökusvæði sem leyst geta núverandi svæði af hólmi án þess að skerða hluta Reykjaneshryggjarins sem enn eru óraskaðir

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri